

10. mars 1983

255

Nr. 151

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði
Vörubílstjórafélagsins Mjölnis.

1. gr.

Reglugerð þessi nær til félagssvæðis Vörubílstjórafélagsins Mjölnis í Árnessýslu, en það nær yfir Árnessýslu og Selfoss.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vörubifreiðaaksturs takmarkast við hámarkstöluna 50, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Tölu þessa má endurskoða á tveggja ára fresti.

Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélagsins Mjölnis, sýslunefndar Árnessýslu og bæjarstjórnar Selfoss.

3. gr.

Leiguakstur telst þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar sem flutt er.

Vörubifreiðar, sem aka frá stöðinni, skulu auðkenndar með sérstöku merki.

4. gr.

Í nóvembermánuði ár hvert veitir Vörubílstjórafélagið Mjöltnir viðtöku nýjum umsókn-um um félagsréttindi manna. Umsóknir skulu ritaðar á þar til gerð eyðublöð sem liggja frammi á stöð félagsins.

Skal þá er fjöldi leigubifreiða er kominn niður fyrir töluna 50, bæta við þeim fjölda er nægir til þess að ná hámarkstölunni.

Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Ennfremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðir til leiguaksturs.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 162 19. júlí 1966.

Samgönguráðuneytið, 10. mars 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.